

Þar eð varnaraðili hefur ekki gert kröfur hér fyrir dómi, fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 8. febr. 1950.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 6. þ. m., hefur stefnandi, Júlíus Bogason f. h. Bifreiðastöðvarinnar Stefnis s.f., Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefni 4. þ. m. á hendur stefndu, Niðursuðuverksmiðjunni Sild h.f., Akureyri, en stjórn þess félags skipa þau Magnús Einarsson, Háteigsveg 2, Tryggvi Jónsson, Hellusundi, og Anna Einarsson, Háteigsveg 2, öll í Reykjavík. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða gjald fyrir akstur á vörum á tímabilinu ágúst—desember s.l. að upphæð kr. 7327.87 auk 5% ársvaxta frá 1. jan. s.l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hendi stefndu var ekki sótt þing, og verður mál þetta því dæmt eftir framkomnum skilríkjum. Samkvæmt áritun stefnuvotta á stefnu hefur stefnubirting farið fram með þeim hætti, að stefnuvottar hafa knúð á dyr skrifstofu stefnda á Oddeyrartanga, en enginn svaraði, og hittu þeir engan að máli, enda var húsið læst. Telst þetta ekki fullnægjandi stefnubirting, sbr. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 i. f., og varðar þessi galli á málalilbúnaði því, að vísa ber málinu frá dómi.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Mánudaginn 13. marz 1950.

Nr. 89/1948. **Sölunefnd setuliðseigna** (Theódór B. Línal)
gegn

Þórði Þorsteinssyni (Guttormur Erlendsson).

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1948, krefst þess aðallega að verða sýknaður

af fébótakröfum stefnda, en *til vara* að stefnda verði aðeins dæmdar fébætur í hlutfalli við sök aðilja. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og greinir í héraðsdómi, verður að telja, að brostið hafi á fullnægjandi öryggisbúnað og gæzlu af hálfu starfsmanna áfrýjanda á vinnustað þeim, þar sem slysið varð. Ber áfrýjandi fébótaábyrgð á þessari vangæzlu starfsmanna sinna, en þar sem telja verður, að stefndi hafi ekki gætt fullrar varúðar, er hann nam staðar við gafl skála þess, sem verið var var að rífa, þykir rétt, að hann beri sjálfur $\frac{1}{4}$ hluta þess tjóns, er hann hlaut af völdum slyssins. Verður áfrýjanda því dæmt að greiða $\frac{3}{4}$ hluta tjónsins svo og málskostnað í Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sölunefnd setuliðseigna, ber ábyrgð að $\frac{3}{4}$ hlutum á tjóni því, sem stefndi, Þórður Þorsteinsson, krefst bóta fyrir í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. júní 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Þórður Þorsteinsson, Sæbóli í Fossvogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 5. nóvember 1947 gegn Skúla Thorarensen f. h. Sölunefndar setuliðseigna til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 125001.79 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækunar á stefnukröfunni og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Að ósk aðilja hefur dómari samþykkt, að málinu verði skipt, og hefur málflutningur farið fram um bótaskyldu stefndu.

Í þessum hluta málsins hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af siðargreindu slysi svo og að stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara*, að

sök á slysinu verði skipt með aðiljum og að málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þessir:

Nálægt byrjun nóvembermánaðar 1945 tók Reykjavíkurbær við herbúðahverfi í Fossvogi af setuliðinu, og var stefndu falið að láta rífa hermannaskála þá, er reistir höfðu verið á svæði þessu. Réð stefnda til starfa þessa flokk manna, er hóf vinnuna um eða eftir 10. s. m. Hinn 19. s. m. kom stefnandi inn á svæði þetta í fylgd með starfsmanni sínum. Hafði stefnandi þar tal af bifreiðarstjóra nokkrum, er annaðist flutning efnis burt af staðnum, og skoðaði stefnandi þarna hrúgu af kolasalla, sem hann virðist hafa haft hug á að kaupa. Skammt undan stóð skáli, sem menn voru að rífa. Hafði allt járn verið rífið af þaki skálans, en gaflarnir, sem hlaðnir voru á steiptum steinum, samanlímdu, virðast hafa verið lausir við aðra hluta skálans. Er stefnandi og förunautur hans voru á leið út af svæðinu aftur, námu þeir staðar nálægt skála þessum, en í sömu andrá féll sá gaflinn, er nær þeim var, og varð stefnandi undir honum. Hlauf hann af þessu mikil meiðsl, m. a. brotnaði þvertindur eins lendaliðs og lifbeinið gliðnaði um samskeytin í miðju vegna löskunar á liðamótum spjaldbeins og mjaðmabeins, að því er talið var. Lá hann í tvo mánuði í sjúkrahúsi, var ekki talinn vinnufær í 4 mánuði eftir það, og hefur varanleg örorka hans verið metin 40%. Förunautur hans hlaut nokkur meiðsl á fæti, og galt stefnandi honum kr. 1350.00 í bótaskyni, en sú fjárhæð er innifalin í bótakröfu stefnanda í máli þessu samkvæmt framsali mannsins. Telur stefnandi, að stefnda, er annaðist það, að skálarnir voru rifnir, beri bótaábyrgð á tjóni því, er hann beið af slysi þessu.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því, að enginn starfsmanna sinna hafi átt sök á slysi þessu. Skýrir stefnda svo frá, að svæði það, sem hér ræðir um, hafi verið rammlega girt og við hliðið á girðingunni hafi verið spjald með áletrunum á íslenzku og ensku, er gáfu til kynna, að umferð manna um svæðið væri óheimil. Stefnandi hafi eigi aflað sér heimildar til inngöngu né heldur gert vart við sig hjá starfsmönnum stefndu, og megi hann því sjálfum sér um kenna orsakir slyssins.

Starfsemi þá, er fór fram á greindu svæði á vegum stefndu, þykir verða að telja hættulega aðvifandi fólki og stefndu skylt að koma í veg fyrir mannaferð um svæðið. Telja verður sannað, að svæðið hafi verið vel girt, en af gögnum málsins er það ljóst, að hlið á girðingunni var ekki læst, meðan vinna fór fram innan hennar, og eigi hafði stefnda þar varðmann né nokkurn mann, er varað gæti vegfarendur við. Ekki sést, að önnur merki hafi verið við hliðið en ef til vill spjald með áletrun um, að innan girðingar væri „hernaðarsvæði“ og „varðmenn vopnaðir byssum“, en slík spjöld tíðkuðust á girðingum um herbúðasvæði þann tíma, sem þau lutu yfirráðum hins erlenda setuliðs. Er slysið varð, var ófriðnum fyrir nokkru lokið og setuliðsmenn víða fluttir úr herbúðum, þar á meðal úr þeim, er hér ræðir um, að minnsta kosti á því svæði, er stefnda athafnaði sig á. Verður því eigi talið, að mönnum væri eðlilegt að leggja þann skilning í áletrun þessa, sem stefnda vill vera láta. Eigi lét stefnda menn sína hafa gætur á því, að menn væru ekki á ferð í námunda við skálana, á meðan

unnið var að því að rífa þá, og ekki var þess heldur gætt að setja stoðir við skálagaflana, eftir að þeir voru losaðir úr tengslum við grindina. Er af framanrituðu ljóst, að öryggisbúnaði af hálfu stefnda var svo ábótavant, að telja verður hana bera fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, og eigi þykir fært að taka til greina varakröfu stefndu, þar eð eigi hefur verið sýnt fram á það, að stefnandi hafi sýnt slíka óvarkárni á ferð sinni um herbúðasvæðið, að hann verði talinn hafa orðið meðvaldur að slysinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð :

Stefnda, Sölunefnd setuliðseigna, ber fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, Þórðar Þorsteinssonar, af framangreindu slysi.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Priðjudaginn 14. marz 1950.

Nr. 60/1948. **Gísli J. Johnsen og Höskuldur Baldvinsson**
(Jón Ólafsson hdl.)

gegn

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar f. h.
bæjarsjóðs og gagnsök (Eggert Claessen).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Verksamningur skýrður og dæmt um kröfur, er af honum risu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. maí 1948, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. s. m. Í aðal-sök eru kröfur þeirra um fégreiðslu úr hendi gagnáfrýjanda sem hér segir: Aðalkrafa kr. 84250.94, fyrsta varakrafa kr. 74250.94, önnur varakrafa kr. 51195.86, þriðja varakrafa kr. 48276.61 og fjórða varakrafa kr. 19680.94. Svo krefjast þeir og 6% ársvaxta frá 28. okt. 1943 til greiðsludags af þeirri fjárhæð, sem þeim kynni að verða dæmd, og málskostnaðar úr